

Þorsteinn Pálsson

halla og ýmsar aðrar greinar sjávarútvegsins berjast nú við mikinn hallarekstur.

En á vissan hátt hafa stjórnarflokkarnir tekið tillit til kröfu Sjálfstæðisflokksins um gengisbreytingu. En ljóst er að miklu farsælla hefði verið að taka þær ákvarðanir strax haustið 1988. Þá hefðum við komist af með minni gengisbreytingu, bætt stöðu sjávarútvegsins með raunverulegum aðgerðum og værum að vinna okkur út úr erfiðleikunum í stað þess að við erum nú að sigla inn í meiri erfiðleika.

Steingrímur viðurkennir

Í stefnuræðu sinni síðastliðinn mánudag viðurkenndi Steingrímur Hermannsson í raun og veru í hvert óefni stefnir því að þar kom fram, að atvinnuleysi færi nú vaxandi og horfur væru á að það myndi aukast á næsta ári. Hann viðurkenndi að erlendar skuldir væru vaxandi og kaupmáttur almennings héldi áfram að minnka til muna ofan á þá kaupmáttarskerðingu sem orðið hefur á þessu ári. Allir talsmenn stjórnarflokkanna viðurkenna þessar staðreyndir nema fjármálaráðherrann sem dregið hefur upp þá mynd, að nú séu runnir upp nýir tímar, nú búi Íslendingar á nýjum efnahagsgrundvelli, allt sé með besta móti í þjóðarbúskapnum og smjör drjúpi af hverju strái.

Þegar litið er á fjárlagafrumvarpið kemur í ljós að þar eru margir þverbrestir og augljóst að áætlanir þess munu ekki standast fremur en fjárlög þessa árs. Þau voru samþykkt eins og menn muna með yfirlýsingum um að í fyrsta sinn hefðu hin fullkomnu fjárlög verið úr garði gerð. Raunveruleikinn er hins vegar sá að hallinn verður væntanlega nær 5 milljörðum króna eftir 7 milljarða skattahækkun.

Sérfræðingar telja nú líklegt að til viðbótar þeim halla sem fjárlagafrumvarpið fyrir 1990 gerir ráð fyrir megi reikna með allt 4 milljörðum króna. Hallinn yrði þá sjö milljarðar króna á næsta ári eða 2% af landsframleiðslu.

Vaxandi útgjöld og halli

Þegar litið er á þessar tölur má ljóst vera að fjárlagahallinn fer vaxandi á nýjan leik. Á árunum 1986 og 1987 var hann 1,2 og 1,3% af landsframleiðslu en eins og kunnugt er var þá verið að lækka skatta. Hann fór síðan í 2,8% 1988 og er áætlaður 1,6% á þessu ári. Augljóst er að hallinn mun vaxa á næsta ári vegna rekstrarþenslunnar í fjárlagafrumvarpinu. Þetta gerist þrátt fyrir þær gífurlegu skattahækkanir sem urðu í ár og boðaðar hafa verið fyrir næsta ár.

Þjóðhagsstofnun greinir frá því að útgjöld ríkissjóð hafi á árunum 1980 til 1987 verið nokkúð stöðug eða um 26% af landsframleiðslu. En á árunum 1988 og 1989 hafi útgjöldin farið upp í 29% af landsframleiðslu.

Veruleg breyting hefur orðið að því varðar erlendar lántökur á þessu ári og samkvæmt lánsfjárlögum stefnir ríkisstjórnin að því að auka enn við erlendar lántökur á næsta ári og það svo mjög að erlend lán verða þá komin í hæsta hlutfall af þjóðarframleiðslu sem sögur fara af eða 53,1%. Þetta eru athygli verðar en um margt óhugnanlegar tölur.

Nýtt skuldamet

Á árinu 1985 fór hlutfall erlendra lána af landsframleiðslu upp í 51%. Á árunum 1986 og 1987 tókst á hinn bóginn að hagnýta bætt efnahagsskilyrði til að lækka þetta hutfall niður í 40%. Á þessu ári fór þetta skuldahlutfall aftur upp í 50%. Og eins og fyrr segir stefnir það í yfir 53% á næsta ári sem er hærra skuldahlutfall en nokkru sinni fyrr hefur þekkst.

Á árinu 1985 fóru um 20% af útflutningstekjum landsmanna í að greiða niður erlendar skuldir. Þetta hlutfall var komið niður í 16% árið 1987. En lántökustefna núverandi ríkisstjórnar eins og hún kemur fram í lánsfjárlögum hefur það í för með sér að þetta hlutfall fer yfir 20% á næsta ári.

Í nýútkomnum hagtölum mánaðarins, sem Seðlabanki Íslands gefur út, kemur fram að viðskiptahallinn á árinu 1989 verði í heild 8,7 milljarðar króna sem svarar til 8% af áætluðum útflutningstekjum og um það bil 3% af landsframleiðslu. Þetta þýðir að mati Seðlabankans að viðskiptahallinn verði mun meiri á síðari helmingi ársins en þeim fyrri. Við búum sem sagt við þær aðstæður nú að viðskiptahalli fer vaxandi á nýjan leik.

Verðbólgan meiri

Þegar ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins fór frá völdum var verðbólgan miðað við 3 síðustu mánuði 13%. Réttu ári síðar stendur ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar í þeim sporum að verðbólgan mæld á sama mælikvarða er rúmlega 23%. Á árinu 1988 var verðbólga á öllu árinu frá upphafi til loka 20% en á sama mælikvarða á þessu ári 25%.

Ef ekki er reiknað með meiri kaupmáttarskerðingu en um það bil 5% á næsta ári má vænta þess að verðbólgan verði svipuð og á þessu ári. Með öðrum orðum: Við búum nú við meiri verðbólgu en áður og fremur vaxandi en hitt. Og þá er þess að geta að atvinnuleysi er þrefalt meira en það var í tíð ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins.

Í nýju fréttabréfi Samvinnubankans kemur fram að raunávöxtun á skuldabréfum í bönkum og sparisjóðum er frá 7 til 8%. Þar segir einnig að raunávöxtun skuldabréfa fjármögnunarleigufyrirtækja sé frá 9 og upp í 10% og hjá fjárfestingalánasjóðum sé raunávöxtunin frá 6% í Iðnlánasjóði upp í 9% hjá Samvinnusjóði Íslands hf. Ennfremur kemur fram að sveitarfélög selja nú skuldabréf með allt að 11% ársávöxtun og fasteignatryggð skuldabréf gefa af sér 10 til 15% og loks kemur þar fram að skuldabréf atvinnutryggingasjóðs gefa af sér 8—8,25% raunávöxtun. Allt eru þetta fróðlegar tölur um árangurinn af handaflsstýringu á vaxtamarkaðinum.

Veruleiki í stað ímyndunar

Niðurstaðan er þessi:

- Í fyrsta lagi stefnir í vaxandi fjárlagahalla.
- Í öðru lagi reiknar ríkisstjórnin með að slá Íslandsmet í erlendri skuldasöfnun á næsta ári.
- Í þriðja lagi hefur viðskiptahalli farið vaxandi á síðari hluta þessa árs.
- Í fjórða lagi er nú meiri verðbólga en þegar ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins fór frá.
- Í fimmta lagi er nú þrefallt meira atvinnuleysi en í tíð fyrri ríkisstjórnar.
- Í sjötta lagi stefnir ríkisstjórnin að 5% kaupmáttarrýrnun ofaná 8% rýrnun á þessu ári.
- Í sjöunda lagi er raunávöxtun skuldabréfa frá 7 og upp í 15% þrátt fyrir handaflsstýringu.

Þetta er hinn nýi efnahagsgrundvöllur þeirra sem ekki lifa í draumi Palla sem var einn í heiminum eða krambúð Börs í Öldurdal.

Höfundur er formaður Sjálfstæðisflokksins.

ör hér á landi undanfarin ár, og víða um land hafa verið sett upp kapalkerfi til dreifingar á sjónvarps- og útvarpsefni. Þau verkefni sem bíða Landssamtaka kapalkerfa eru að stuðla að tilkomu raunhæfrar lagasetningar, auk þess að beita sér fyrir fræðslu og kynningu á kapalkerfum. Þá er fyrirhugað að samtökin komi fram fyrir hönd rekstraraðila kapalkerfa gagnvart hinu opinbera. Meðlimir samtakanna geta þeir orðið sem hafa með höndum rekstur kapalkerfis, hvort heldur sem um er að ræða fjölbýlishús, samtengingu innan hverfis eða heilt bæjarfélag, og áskilið er að um formlegan rekstur sé að ræða. Einnig geta ýmsir hagsmunaaðilar og áhugamenn um kapalkerfi og gervihnattasjónvarp fengið aðild að samtökunum.

Biblíuskólinn á Eyjólfsstöðum kynntur almenningi

Í september síðastliðnum tók til starfa biblíuskóli að Eyjólfsstöðum á Fljótsdalshéraði. Skólinn er rekinn af samtökunum Ungu fólki með hlutverk, sem eru starfssamtök innan íslensku þjóðkirkjunnar. Markmið skólans er að þjálfa fólk, bæði leika og lærða, til virkrar þátttöku í kristilegu starfi. Skólinn mun bjóða upp á lengri og skemmri námskeið ýmist um almenn efni kristinnar trúar eða sérhæfðari þætti.

Nú stendur yfir 5 mánaða námskeið. Fyrstu þremur mánuðunum verður varið til bóklegrar kennslu og síðustu tveimur til verklegrar þjálfunar í safnaðarstarfi.

Sunnudaginn 29. október verður kynningardagur á starfsemi skólans og starfi Ungs fólks með hlutverk á Austurlandi. Húsakynni skólans verða opnuð almenningi milli kl. 14 og 18 og starfsemin kynnt í máli, myndum og ýmsum uppákomum. Um kvöldið verður síðan almenn samkoma í skólanum, sem hefst kl. 20.30.

Í tengslum við opna húsið verður námskeið þann 28. október, um hjónabandið og fjölskyldulífið. Það verður haldið í Egilsstaðakirkju og er öllum opið. Fyrirlesari verður norski fjölskylduráðgjafinn Eivind Fröen.



Per Waldheim



Harriet Percy

Einsöngstónleikar í Norræna húsinu

TVEIR sænskir tónlistarmenn halda tónleika í Norræna húsinu, sunnudaginn 29. október klukkan 17.

Tónlistarmennirnir sænsku eru tenórsöngvarinn Per Waldheim og píanóleikarinn Harriet Percy. Á efnisskránni eru sönglög eftir Grieg, Sibelius, Nordqvist, Rangström, Sjögren, Brahms, Schubert, Rossini, Mascagni og fleiri tónskáld.

Per Waldheim er fæddur 1948. Hann stundaði söngnám jafnhliða hagfræðinámi. Árið 1972 var hann ráðinn við Borgarleikhúsið í Malmö og frá 1977 hefur hann sungið við Konunglegu óperuna í Stokkhólmi.

Per Waldheim hefur haldið tónleika víða í Svíþjóð, m.a. í kirkjum og í Noregi og í Bandaríkjunum. Samstarf þeirra Harriet Percy hefur varað í tólf ár. Hún stundaði píanónám m.a. hjá de Frumerie.

Hún hefur leikið bæði með hljómsveitum, kammersveitum og haldið einleikstónleika. Þau eru að koma úr hljómleikaferðalagi um Bandaríkin að þessu sinni og halda aðeins þessa einu tónleika hér.

Aðgöngumiðar verða seldir við innanginn.

36. Sambandsþing UMFÍ haldið um helgina

DAGANA 28.-29. október verður haldið 36. Sambandsþing Ungmennafélags Íslands í Hlégarði, Mosfellsbæ. Það hefstá laugardagsmorgni klukkan 9 og stendur til klukkan 18 á sunnudag.

Á þinginu verður m.a. kjörin ný stjórn UMFÍ til næstu tveggja ára. Þá verða einnig tilkynnt úrslit í hugmyndasamkeppni sem UMFÍ efndi til um skipulag og notkun Þrastarskógar í Grímsnesi sem er í eigu ungmennafélaganna.

Ákvörðun um þessa samkeppni var tekin á síðasta þingi UMFÍ fyrir 2 árum. Alls bárust 14 tillögur, sérstök dómnefnd hefur skoðað tillögurnar og valið úr þrjár þær bestu til sérstakrar viðurkenningar. Úrslit í þessari samkeppni verða tilkynnt á þinginu klukkan 15 á laugardeginum.

Þrjú ný félög óska nú eftir beinni aðild að UMFÍ; Ungmennafélag Akureyrar, Ungmennafélagið Fjölnir í Grafarvogi og Ungmennafélagið Óðinn í Vestmannaeyjum.

Með aðild þeirra að UMFÍ yrðu félög innan samtakanna orðin alls 240 með um 39 þúsund félagsmenn. Innan UMFÍ eru nú 19 héraðssambönd með 230 félög innan sinna vébanda og 7 félög með beina aðild að UMFÍ.

Meðal annarra mála sem tekin verða fyrir á þinginu er 20. landsmót UMFÍ sem haldið verður í Mosfellsbæ á næsta sumri.

Norræna ferðaskrifstofan efnir til ferðakynningar

NORRÆNA ferðaskrifstofan efnir til ferðakynningar í salarkynnum Mannþings, Borgartúni 18, sunnudagskvöldið 29. október klukkan 21.

Helsti tilgangurinn með þessu er að kynna nýjungar í starfsemi ferðaskrifstofunnar og þá staði erlendis sem hún hefur upp á að bjóða umfram aðrar ferðaskrifstofur. Má þar t.d. nefna borgirnar Búdapest í Ungverjalandi og Prag í Tékkóslóvakíu. Þessar borgir og fleira verður rækilega kynnt í máli, myndum og músík og verður fólki gefinn kostur á að kynna sér nánar rekstur ferðaskrifstofunnar, sé þess óskað.

Hljómsveit André Bachmanns mun leika á milli atriða og kynna nýútkomna hljómplötu söngvarans. Ýmislegt annað verður til skemmtunar, boðið verður upp á veitingar og verður aðgangur ókeypis meðan húsrúm leyfir.

Norræna ferðaskrifstofan hefur nú verið starfrækt í eitt ár í tengslum við færeysku ferjuna Norrönu. Hún hefur aðsetur á Laugavegi 3 og framkvæmdastjóri hennar er Emil Orn Kristjánsson.

(Fréttatilkynning)

Sýnir listmuni unna í leir á Kjarvalsstöðum

KRISTÍN Ísleifsdóttir opnar laugardaginn 28. október klukkan 14 sýningu á verkum sínum í vesturforsal Kjarvalsstaða.

Á sýningunni verða u.þ.b. 80 skálar, vasar og ílát, sem unnin hafa verið í leir á síðastliðnum tveim árum. Form verkanna eru í flestum tilfellum tilvísun til hluta, sem ekki hafa verið notaðir í daglegu lífi.

Kristín fæddist í Reykjavík 1952. Hún útskrifaðist frá Listiðnar- og hönnunardeild Tókýó Designers College 1979. Hún hefur haldið einkasýningar í Reykjavík og Tókýó og tekið þátt í samsýningum á Íslandi, Norðurlöndum, Ítalíu og Japan.

Sýningin er opin alla daga frá klukkan 11-18 og stendur til 12. nóvember.

(Fréttatilkynning)

JC-dagurinn:

Skemmtun haldin á Eiðistorgi

„BÚUM börnum betri framtíð" er yfirskrift JC-dagsins sem haldinn verður hátíðlegur laugardaginn 28. október.

Í tilefni af JC-deginum, munu JC-félögin í Reykjavík og á Seltjarnarnesi halda skemmtun á Eiðistorgi, Seltjarnarnesi, í samstarfi við Krísuvíkursamtökin.

Boðið verður upp á fjölbreytta skemmtun en hún hefst kl. 14 með ávarpi forseta bæjarstjórnar Seltjarnarness, Guðmars Magnússonar.

Þeir sem koma fram verða: Barnakór Hvassaleitisskóla, Takk dúettinn — söngur, Magnús Kjartansson, Börn í Krossinum kynna plötu sína, stúlkur í Fimleikafélaginu Gerplu sýna fimleika, Fræðsluerindi verða flutt, Sniglarnir verða á staðnum og ávörp munu flytja Óli Þ. Guðbjartsson, ráðherra, Halldór Leví frá JC Ísland og Sigurlín Davíðsdóttir frá Krísuvíkursamtökunum.

Bæklingi til kynningar á JC-deginum og kjörorði hans verður dreift til 4. og 5. bekkjar grunnskólanna í Reykjavík og á Seltjarnarnesi.

Dagskránni lýkur kl. 16.

Bókasafnsfræðinemar þinga

SAMNORRÆN ráðstefna bókasafnsfræðinema er haldin í Odda, húsi Félagsvísindadeildar Háskóla Íslands, dagana 27.-30. október. Umsjón með ráðstefnunni hefur Félag bókasafnsfræðinema við Háskóla Íslands. Þetta er í fyrsta sinn sem ráðstefnan er haldin hérlendis. Þátttakendur eru 52 og þar af 44 frá hinum Norðurlöndunum.

Umræðuefni ráðstefnunnar er: Siðfræði bóksasafnsfræðinnar og gjaldtaka fyrir bókasafnsþjónustu. Fyrirlestra halda: Dr. Sigrún Klara Hannesdóttir, dósent í bókasafns- og upplýsingafræði við Háskóla Íslands. Dr. Mikael M. Karlsson, dósent í heimspeki við Háskóla Íslands. Anna Torfadóttir, bókasafnsfræðingur á Borgarbókasafni Reykjavíkur, Rósa Jónsdóttir, bókasafnsfræðingur á Bókasafni Landspítalans.

Akurnesingar messa í Dómkirkjunni

DÓMKIRKJAN fær góða gesti í heimsókn á morgun. Það eru sóknarprestur, kirkjukór og organisti Akraneskirkju og munu þau annast messugjörðina í Dómkirkjunni á morgun, sunnudag 29. október, klukkan 14.

Sr. Björn Jónsson, sóknarprestur á Akranesi, prédikar og þjónar fyrir altari. Kór Akraneskirkju syngur, en í kórnum eru 45 manns. Söngstjóri og organleikari er Einar Örn Einarsson. Auk þess syngur Guðrún Ellertsdóttir einsöng í messunni og Gunnar Kristmannsson leikur á klarinett og Þóroddur Bjarnason á trompet.

Forráðamenn Dómkirkjunnar vilja hvetja safnaðarfólk til að fjölmenna til kirkju og bjóða Akurnesinga þannig hjartanlega velkomna og njóta fagurrar tónlistar og taka þátt í tilbeiðslunni.

Einnig verður að venju messa klukkan 11 árdegis og hana annast sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson.

– Frá Dómkirkjunni